



## Fundargerð hreppsnefndar 26. maí 2016

Fundur nr. 42 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 26. maí 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a) 143. Fundar félagsmálanefndar  
Lagt fram til kynningar.

2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Securitas  
Sveitarstjóri kynnti málið. Samhljóða samþykkt að vísa erindinu til velferðarnefndar.

b) Heilbrigðisstofnun Austurlands

Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum sínum af stöðu heilbrigðismála í fjórðungnum s.s. fram kemur í bréfi HSA. Mikilvægt sé að bregðast við áður en málin þróast til verri vegar en orðið er. Leggur sveitarstjórn sérstaka áherslu á að einmenningshéroð verði aldrei læknislaus. Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að koma sjónarmiðum sveitarfélagsins á framfæri.

c) Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi

Málið kynnt og samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að koma á framfæri hugmyndum sveitarstjórnar að tillögum.

d) Kaupvangskaffi

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ljúka málinu að viðhöfðu samráði við hlutaðeigandi aðila.

3. Almenn mál:

a. Endurskoðun á samningi Umhverfisstofnunar og Vopnafjarðarhrepps um refaveiðar 2014-2016  
Lagt fram til kynningar.

b. Samningur um þátttöku í landshlutaverkefni í skógrækt á lögbýlinu Þorbrandsstöðum

Sveitarstjóri kynnti málið. Samhljóða samþykkt að halda samstarfinu áfram og sveitarstjóra falið að ljúka málinu.

c. Tillaga að gróðursetningu fyrir ofan þorpið á Vopnafirði

Samhljóða samþykkt að vísa til skipulags- og umhverfisnefndar til umsagnar.

d. Tillögur að lausn húsnæðismála fyrir framhaldsskóladeild á Vopnafirði

Samhljóða samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að vinna áfram að málinu í samráði við Framhaldsskólann á Laugum og nýráðinn kennara deildarinnar.

e. Finnafjarðarverkefnið

Sveitarstjóri greindi frá suðurferð sinni þann 21. maí sl. þar sem samningur um fyrirhugaða stórskipahöfn í Finnafirði var undirritaður.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 17:15.

[Fylgigögn fundar 260516.pdf](#)